

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ársreikningur 2022

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi
620976-0169

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 8
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	9
Áritun óháðs endurskoðanda	10 - 11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Reikningsskilaaðferðir	14
Skýringar	15 - 18

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

1.0 Lagagrundvöllur SFH

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað árið 1973 eða fyrir 50 árum. Tilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir hönd flytjenda og framleiðenda tónlistar fyrir opinbera spilun tónlistar af útgefnum hljóðritum. Var hér um að ræða notkun tónlistar í útvarps- og sjónvarpsstöðvum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum,

SFH semur beint við útvarps- og sjónvarpsstöðvar, en í gildi er verðskrá fyrir flutning af hljóðritum utan útvarps, sem STEF hefur allar götur frá stofnun annast innheimtu á fyrir SFH samkvæmt sérstöku samkomulagi.

SFH er aðili og einn að þremur stofnendum að IHM, innheimtusamtökum rétthafa og fær hlutdeild af bótum sem renna til rétthafasamtaka höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota og vegna endurvarps í sjónvarpi, en það er einkum endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva.

SFH er einnig ásamt STEFi stofnandi SAMTÓNs, sem er samstarfsvettvangur tónlistarrétthafa og annast m.a. Dag íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin. SFH á einnig í gegnum SAMTÓN aðild að stjórn Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.

Fulltrúar aðildarsamtaka SFH áttu einnig sæti í starfshópi sem skipaður var af menningar- og viðskiptaráðherra, sem hafði það verkefni að vinna að undirbúningi stofnunar Tónlistarmiðstöðvar, sem skilaði skýrslu sinni í mars síðastliðnum og vikið verður að síðar í ársskýrslunni.

2.0 50 ára afmæli SFH

SFH var stofnað fyrir rúmum 50 árum eða þann 3. mars 1973 sem sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda með heimild í 47. grein þágildandi höfundalaga. Fyrsti formaður SFH var Haraldur V. Ólafsson, framkvæmdastjóri Fálkans og varaformaður Sverrir Garðarson, formaður FÍH.

Í fyrstu stjórn sambandsins voru eftirtaldir eintaklingar tilnefndir af aðildarfélögnum:

Frá Félagi ísl. hljómlistarmanna: Sverrir Garðarsson, til vara Einar B. Waage

Frá Félagi ísl. leikara: Guðmundur Jónsson, til vara Þuríður Pálsdóttir

Frá Félagi ísl. tónlistarmanna: Ólafur Vignir Albertsson, til vara Gísli Magnússon

Frá Sambandi ísl. karlakóra: Ragnar Ingólfsson, til vara Þorsteinn Helgason.

Frá Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda: Haraldur V. Ólafsson, Svavar Gests, Jón Ármannsson og Helgi Hjálmsón.

3.0 Núverandi stjórn

Stjórnarmenn SFH eru kjörnir til tveggja ára. Á aðalfundi SFH í júní 2022 var kjörin ný stjórn. Formaður var kjörinn Gunnar Hrafnsson og varaformaður Ásmundur Jónsson.

Meðstjórnendur voru kjörnir :

Flytjendadeild

Róbert Þórhallsson (FÍH)

Hrafnhildur Theodórsdóttir (FÍL)

Framleiðendadeild (FHF)

Sölvi Blöndal

Haraldur Leví Gunnarsson

Á aðalfundinum 2022 var jafnframt Björn Th. Árnason kjörinn félagskjörinn skoðunarmaður reikninga og Endurskoðunarskrifstofan Price Waterhouse Cooper kjörin endurskoðandi samtakanna.

Framkvæmdastjóri samtakanna er Gunnar Guðmundsson.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

4.0 Fjárhagur 2022

Tekjur SFH eru nú orðnar meiri en árið fyrir Covidfaraldurinn. Tekjur útvarpsstöðva eru hlutfallslega sömu og á fyrra ári en tekjur vegna opinbers flutnings utan útvarps hafa aukist milli ára.

Viðræður hafa staðið yfir varðandi kröfu SFH um nýjan samning við RÚV. RÚV féllst í lok síðasta árs á að greiða eftirstöðva skuldar að fjárhæð um 61 milljón og var sú fjárhæð greidd í upphafi árs. Samningar við RÚV hafa dregist, einkum vegna óleysts ágreinings milli RÚV og STEF um greiðslu fyrir ólínulegt útlarp.

5.0 Beiðni SFH um viðurkenningu menningar-og viðskiptaráðuneytisins á starfsemi SFH.

Lög nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslustofnun höfundaréttar tóku gildi 1. janúar 2020. Með lögunum var innleidd Evróputilskipun um sameiginlega umsýslu höfundaréttar, skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar tónverka á innri markaðnum.

Með lagasetningunni var stefnt að því samræma reglur um starfshætti rétthafasamtaka eins og SFH, STEFs, IHM, Fjölíss, Myndstefs og Rithöfundasambands Íslands, sem teljast sameiginlegar umsýslustofnanir. Var hér einkum um að ræða reglur um stjórnarhætti, gagnsæi starfsreglna og fjármálaskipulag þeirra. Með reglugerð sem ráðuneytið setti í kjölfar gildistöku laganna var umsýslustofnunum gert skylt að endunýja viðurkenningar sínar hjá ráðuneytinu.

Á starfsárinu hefur mikil vinna með starfsmönnum ráðuneytisins verið lögð í yfirferð yfir gildandi samþykktir og úthlutunarreglur SFH og hvernig þyrfti að laga þær enn frekar að umsýslulögunum en gert hafði verið áður. Ennfremur var rædd umsókn samtakanna varðandi viðurkenningu. Þess er að vænta að umsóknin verði afgreidd af hálfu ráðuneytisins með haustinu.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

6.0 Samstarf við GRAMEX og önnur erlend innheimtusamtök.

SFH innheimtir ekki eingöngu fyrir not á íslenskri tónlist. Innheimta vegna erlendra tónlistar er veigamikill hluti af starfsemi SFH, sem felst í því að SFH annast innheimtu og hagsmunagæslu fyrir erlenda flytjendur og hljómplötuframleiðendur sem eru frá 97 aðildarlöndum Rómarsáttmálans, en hann fjallar m.a. um vernd flytjenda og framleiðenda.

Flytjendadeild SFH hefur gert fjölmarga gagnkvæma samninga við erlend systursamtök. Framkvæmdastjórnar systursamtaka á Norðurlöndum hittast reglulega, en þau eru: GRAMEX í Danmörku og Finnlandi, GRAMO í Noregi, SAMI í Svíþjóð (flytjendasamtök) og IFPI í Svíþjóð (framleiðendasamtök). Fyrir SFH er þetta samstarf mjög mikilvægt, þar sem löggjöf er svipuð og því mjög upplýsandi þar sem helstu mál viðkomandi landa eru rædd á slíkum fundum.

SFH gerði á sínum tíma samkomulag við GRAMEX, dönsk systursamtök okkar, um að annast útreikning á erlenda hluta úthlutunar, sem byggðist á upplýsingum frá útvarpsstöðvum hérlendis.

Því samkomulagi var sagt upp af hálfu GRAMEX og samdi SFH í kjölfarið við bresk systursamtök okkar PPL um að annast þessi mál, bæði fyrir flytjendadeild og framleiðendadeild, en PPL eru ein stærstu og tæknivæddustu samtök á þessu sviði í heiminum.

Kaj Christiansen er ráðgjafi SFH varðandi erlenda úthlutun og samninga við erlend systursamtök, en hann var um langt árabíl yfirmaður alþjóðadeildar GRAMEX í Danmörku, sem annast úthlutanir til rétthafa erlendis. Hann, ásamt framkvæmdastjóra og Kristni Evertssyni, tók ennfremur virkan þátt í samningum við PPL. Mikil vinna, í samstarfi við PPL, hefur verið lögð í að koma útlutunum til erlendra rétthafa í rétt horf og er um þesar mundir verði að leggja síðustu hönd á það verkefni.

Flytjendadeild SFH er með aðild að SCAPR, alþjóðasamtökum flytjendasamtaka sem árlega heldur fulltrúaráðsfundi sem framkvæmdastjóri SFH sækir auk árlegra PRC (Performance Right Committee) funda sem haldnir er fyrir sameiginleg innheimtusamtök flytjenda og framleiðenda á vegum IFPI, alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda. Eins og sést af ársreikningum hafa nánast engir fundir verið haldnir erlendis á síðasta ári, en allmargir fjarfundir hafa átt sér stað bæði meðal norrænna framkvæmdastjóra, SCAPR og PRC.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

7.0 IHM

7.1 Bætur vegna eintakagerðar - gerðardómur

Með breytingum á höfundalögum árið 2016 var eldra fyrirkomulagi breytt og bæturnar til réttihafa vegna eintakagerðar skv. 11. gr. höfundalaga greiddar úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

Aðildarfélög IHM eru alls 10, SFH, STEF, RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir (Félag höfunda fræðiritra og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra), SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FK, (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda.

SFH er stærsta aðildarfélag IHM með aðildarfélögin FHF, FÍH og FÍL innan sinna raða. Fulltrúar SFH í stjórn IHM eru 3 af 9 stjórnarmönnum.

Aðildarfélög innan IHM reyndu frá setningu laganna 2016 að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi skiptingu bótanna milli aðildarfélaga. Ekkert samkomulag náðist og var málinu fyrst vísað til sáttasemjara sem kom með sáttatillögu í mars 2021. Henni var hafnað af auknum meiri hluta aðildarsamtaka og ágreiningnum skotið til gerðardóms.

Aðildarfélög skiluðu tveimur skriflegum greinargerðum og munnlegur málflytningur fór fram í byrjun maímánuðar 2022. Gífurleg vinna fór í málflytninginn og kostnaður eftir því, þar sem flest aðildarfélög réðu sér lögmenntil þess að flytja málið fyrir gerðardóminum.

Niðurstaða gerðardóms í lok maímánaðar 2022 var eftirfarandi og gildi fyrir árin 2016-2025

1. Blaðamannafélag Íslands 2%.
2. Félag kvikmyndagerðarmanna 3,5%.
3. Félag leikstjóra á Íslandi 2,5%.
4. Hagþenkir, Félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, 4%.
5. Myndstef 7%.
6. Rithöfundasamband Íslands og Félag leikskálda og handritshöfunda 11%.
7. Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda 28%.
8. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda 18%.
9. Samtök kvikmyndaleikstjóra 10%.
10. STEF, Samband tónskálda og eigenda flytningarréttar, 14%.

Því miður höfðu gerðardómendur ekki áráði til að leiðrétta þann ójöfnuð sem ríkt hafði um áratugaskeið á þessu sviði milli annars vegar flytjenda og framleiðenda og hins vegar höfunda varðandi bætur fyrir eintakagerð til einkanota, þrátt fyrir að í nágrannalöndum sé úthlutað með þeim hætti. Eitt við niðurstöðuna sem kom á óvart og olli gremju var að þar var hafnaði þeirri röksemd flytjenda og framleiðenda að eintakagerð utan nets á Spotify og Netflix teldist eintakagerð til einkanota þrátt fyrir sannanir um að slíkt sé viðurkennt varðandi tónlistina bæði í Svíþjóð og Noregi.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

7.2 Kapitalgeiri - sáttsemjari

Á síðasta stjórnarfundum IHM í þessum mánuði kom fram krafa frá Myndstefi, SKL og RSÍ að skipa sáttasemjara til að leita sáttu varðandi skiptingu á kapitalgeira innan IHM, en IHM hefur annast samninga við fjarskiptafyrirtækin fyrir hönd aðildarsamtaka vegna endurvarps sjónvarpsstöðva síðan árið 2000. Ljóst er því að hér gæti annað gerðardómsmál innan IHM verið í uppsiglingu, sem mun því miður verða tímafrekt og kostnaðarsamt.

Núverandi skipting er þannig að Samtök erlendra sjónvarpsstöðva, UBOI fá 36%, SÍK og AGICOA (kvikmyndaframleiðendur) 26%, STEF 18% og önnur réttthafasamtök innan IHM samtals 20%.

Innbyrðisskipting í 20% hópnunum er þessi:

FÍL – 18,05%

FÍH – 13,89%

FHF – 11,1%

FLÍ - 3,47%

SKL – 16,7%

Myndstef – 4,87%

RSÍ/Hagþenkir – 22,2%

FK – 6,25%

BÍ – 3,47%

8.0 Samtónn

Samtónn, sem er sameiginlegur samstarfsvettvangur allra íslenskra réttthafa í tónlist, var stofnaður hinn 2. maí 2002. Tilgangur samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda og framleiðenda. Ennfremur að vinna að vernd og varðveislu tónlistar og réttinda, sem henni tengjast, og leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum tónlistar innanlands sem utan.

Þau verkefni sem stjórn Samtóns hefur unnið að á síðustu árum hafa verið í nokkuð föstum skorðum, en þau eru: Íslensku tónlistarverðlaunin, Dagur íslenskrar tónlistar, sameiginlegar aðgerðir gegn ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu, aðkoma að Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og nú síðast undirbúningsvinna að stofnun Tónlistarmiðsstöðvar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

8.1 Íslensku tónlistarverðlaunin

Íslensku tónlistarverðlaunin fóru fram í Silfurbergi Hörpu þann 22. mars s.l. Alls voru verðlaun veitt í 23 flokkum að meðtöldum heiðursverðlaunum, en þau hlaut í ár Magnús Kjartansson. Verðlaunum var fækkað, en þau höfðu verið 35 árið á undan. Með fækkun verðlauna má segja að þau verði verðmætari og mikilvægari verðlaunahöfum.

8.2 Dagur íslenskrar tónlistar

Tilgangurinn dagsins er, eins og endranær, að vekja athygli á íslenskri tónlist og fá sem flesta til að syngja með, ekki síst yngstu kynslóðina í skólum og leikskólum, en oft hefur tekist ágætt samstarf við leikskóla um þá framkvæmd.

Viðburðurinn, sem haldinn er árlega, fór fram þann 1. desember 2022. Flutt voru að venju þrjú sérvalin lög, sem send voru út í beinni útsendingu á Rás 1, Rás 2 og á vef- og samfélagsmiðlum.

Karلاكórinn Fóstbræður flutti m.a. „Hver á sér fegra föðurland“ sem hæfði vitaskuld að flytja á sjálfan fullveldisdaginn.

Í tilefni dagsins voru eftirtaldir aðila verðlaunaðir:
 Nýsköpunarverðlaun hlaut viðburðaappið Gjugg
 Hvatningarverðlaunin hlaut KÍTÓN, félag kvenna í tónlist,
 „Gluggann“ fékk Menningarmiðstöðin Hljómahöllin í Reykjanesbæ,
 Útflutningaverðlaunin runnu til Laufeyjar Lín
 Heiðursverðlaunin „Lítill fugl,“ hlaut Reykjavík Grapevine.

8.3 ÚTÓN

ÚTÓN er markaðs- og kynningarskrifstofa fyrir íslenska tónlist með fjölþætta starfsemi sem miðar að því að hjálpa íslenskum tónlistarverkefnum að komast á alþjóðamarkað.

Skrifstofan heldur úti tveimur vefsíðum og vinnur ýmisleg verkefni í fræðslu og tengslamyndun. Íslenska vefsíðan, uton.is, er aðallega fræðslu- og upplýsingasíða fyrir íslenska tónlistarsamfélagið en sú enska, icelandmusic.is, er hugsuð sem leið inn í samfélagið fyrir þá sem áhuga hafa erlendis frá.

Ljóst er að starfsemi ÚTÓN mun breytast á næsta ári með tilkomu Tónlistarmiðstöðvarinnar, en vikið er að því hér á eftir.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

8.4 Tónlistarmiðstöð

Í skýrslu sem birt var í fyrra af starfshópi, sem menningar- og viðskiptaráðherra setti á fót um stofnun Tónlistarmiðstöðvar og nýs Tónlistarsjóðs, kom m.a. fram tillaga um að kjarnastarfsemi Tónlistarmiðstöðvar myndi skiptast milli þriggja sviða:

1.INNTÓNs, þar sem uppbygging og stuðningur við tónlistarstarfsemi sem iðnaðar og atvinnugreinar fer fram

2.UTÓNs, þar sem stuðningur við útflutningsverkefni allra tónlistargreina fer fram

3.TÓNVERKS, þar sem skráning, umsýsla og miðlun íslenskra tónverka fer fram

Fagaðilar tónlistarmiðstöðvar eru:

Höfundar

Flytjendur

Útgefendur/framleiðendur

Tónleikahaldarar

Rekstraraðilar tónleikastaða

Rekstraraðilar hjóðvera, æfingabúða og tónlistarklasa Rekstraraðilar tónlistarskóla og -námskeiða“

Ríkisstjórn féllst á þessar tillögur starfshópsins, þar sem formaður SFH átti m.a. sæti og í síðasta mánuði samþykkti Alþingi frumvarp menningar- og viðskiptamálaráðherra um fyrstu heildarlöggjöf varðandi tónlist á Íslandi. Löggjöfin er byggð á nýrri tónlistarstefnu til ársins 2030 sem einnig var samþykkt sem þingsályktunartillaga á Alþingi og hefur það að markmiði að efla umgjörð sköpunar og flutnings tónlistar á Íslandi, marka heildarramma fyrir málefni tónlistar og búa henni hagstæð skilyrði. Þetta eru sannarlega tímamót í íslensku tónlistarlífi og allt útlit er fyrir að Tónlistarmiðstöð muni sett á fót síðar á árinu.

Reykjavík, 30. júní 2023

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Sambands flytjenda og hjómplötuframleiðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. júní 2023

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda fyrir árið 2022, að

það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
 - Rekstrarreikning fyrir árið 2022.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2022.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra SFH höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álti okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Önnur atriði

Við viljum vekja athygli á því að ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 var óendurskoðaður og því eru samanburðarfjárhæðir óendurskoðaðar.

Reykjavík, 30. júní 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Magnús Mar Vignisson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrartekjur			
Flutningur tónverka	2	308.212.214	247.914.013
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	34.354.696	31.191.475
Aðkeypt þjónusta	4	32.618.737	24.646.109
Fundir	5	1.382.680	798.548
Annar rekstrarkostnaður	6	35.869.638	25.586.296
Sérgreindur kostnaður	7	5.557.321	4.895.564
		<u>109.783.072</u>	<u>87.117.992</u>
Rekstrarhagnaður		198.429.142	160.796.021
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		3.277.387	153.163
Vaxtagjöld		(73.831)	(181.023)
		<u>3.203.556</u>	<u>(27.860)</u>
Hagnaður ársins	8	<u>201.632.698</u>	<u>160.768.161</u>
<i>Hagnaður ársins sundurliðast þannig:</i>			
Hlutur framleiðendaeildar		100.485.422	81.498.020
Hlutur flytjendaeildar		97.435.276	79.003.748
Lagt í varasjóð		3.712.000	266.394
		<u>201.632.698</u>	<u>160.768.161</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	31.12.2022	31.12.2021
Veltufjármunir			
Óinnheimtar skammtímakröfur	9	153.835.222	138.425.045
Handbært fé	10	201.901.538	249.154.951
		<u>355.736.760</u>	<u>387.579.996</u>
Eignir samtals		<u>355.736.760</u>	<u>387.579.996</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	11	700.000	700.000
Varasjóður	12	47.657.160	43.945.160
		<u>48.357.160</u>	<u>44.645.160</u>
Vörslufé			
Úthlutunarsjóður flytjendadeildar	13	212.119.806	256.678.525
Úthlutunarsjóður framleiðendadeildar	14	83.863.217	67.893.391
		<u>295.983.023</u>	<u>324.571.915</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd laun og launatengd gjöld	15	1.124.574	1.096.110
Viðskiptaskuldir	16	10.272.004	17.266.811
		<u>11.396.578</u>	<u>18.362.921</u>
Skuldir samtals		307.379.601	342.934.836
Eigið fé og skuldir samtals		<u>355.736.760</u>	<u>387.579.996</u>

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað fyrir 50 árum eða árið 1973. Megintilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir opinbera spilun tónlistar af hljóðritum fyrir flytjendur og framleiðendur. Er þá bæði átt við notkun tónlistar í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum, líkamsræktarstöðvum og víðar.

Samtökin SFH er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Árreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

1.2. Innlaun tekna

Tekjur útvarpsstöðva fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum fyrir árið 2022 eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi.

Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

1.3. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi samanstendur af bankareikningum.

1.4. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé er upphaflegt stofnfé sem skiptist jafnt á milli flytjenda og framleiðendaeildarinnar.

Lagt er í varasjóð 7% af sameiginlegum hagnaði ársins ár hvert. Sjóðurinn samanstendur alltaf af framlagi síðustu 4 ára samanlagt.

Skýringar

2. Flutningur tónverka	2022	2021
Útvarps- og sjónvarpsstöðvar		
Ríkisútvarpið	51.274.000	48.787.500
Sýn	55.192.300	52.514.620
K100 Árvakur hf.	2.350.000	2.350.000
247 ehf.	1.800.000	1.800.000
Lindin	709.890	480.000
	<u>111.326.190</u>	<u>105.932.120</u>
Opinber flutningur utan útvarps- og sjónvarpsstöðva		
STEF	132.288.086	114.772.636
	<u>132.288.086</u>	<u>114.772.636</u>
Aðrar tekjur		
IHM	64.597.938	27.209.257
	<u>64.597.938</u>	<u>27.209.257</u>
Sundurliðun tekna samtals	<u>308.212.214</u>	<u>247.914.013</u>
3. Laun og launatengd gjöld		
Laun	26.865.782	24.925.068
Stjórnar og starfslaun	4.670.053	4.215.400
Bifreiðastyrkur	297.612	297.612
Dagpeningar og ferðastyrkir	725.013	183.250
Tryggingagjald	2.036.884	1.818.923
Lífeyrissjóðstillag	3.532.580	3.313.675
Önnur launatengd gjöld	405.396	439.700
Fært á skráningu flytjenda	(4.178.624)	(4.002.153)
	<u>34.354.696</u>	<u>31.191.475</u>
4. Aðkeypt þjónusta		
Innheimtubóknun	26.465.854	22.954.527
Sérfræðiþjónusta	5.405.268	1.028.312
Bókhald og endurskoðun	747.615	663.270
	<u>32.618.737</u>	<u>24.646.109</u>
5. Fundir		
Stjórnarfundir og aðrir fundir	1.382.680	798.548
	<u>1.382.680</u>	<u>798.548</u>

Skýringar

6. Annar rekstrarkostnaður	2022	2021
Íslensku tónlistarverðlaunin	8.818.127	11.280.286
Dagur Íslenskrar tónlistar	1.698.092	842.063
Húsnæðiskostnaður	1.357.942	1.080.000
Ferðakostnaður	1.022.667	94.303
Aðkeyptur akstur	66.997	15.490
Sími og burðargjöld	195.972	175.471
Ritföng, prentun o.fl.	55.642	6.956
Auglýsingar	0	63.166
Rekstur tölvukerfis	1.277.203	2.203.854
Gjaldfærð áhöld og tæki	250.297	7.004
Útflutningsskrifstofa tónlistarinnar	3.433.334	1.826.667
Styrkur vegna Masterteipssafn	8.290	0
Samtönn hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	649.557	957.033
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	17.000.000	7.000.000
Annar kostnaður	35.518	34.003
	<u>35.869.638</u>	<u>25.586.296</u>

7. Sérgreindur kostnaður

Sérgreindur kostnaður Flytjendadeildar

Kostn. v. SCAPR	1.378.697	893.411
70% af kostnaði við skráningu flytjenda	<u>2.925.037</u>	<u>2.801.507</u>
	4.303.734	3.694.918

Sérgreindur kostnaður Framleiðendadeildar

30% af kostnaði við skráningu flytjenda	1.253.587	1.200.646
	<u>5.557.321</u>	<u>4.895.564</u>

8. Skipting tekna og gjalda milli deilda

Hagnaður til skiptingar milli deildanna

Sameiginlegar tekjur	308.212.214	247.914.013
Sameiginleg gjöld	(104.225.751)	(82.222.428)
Sameiginlegir fjármagsliðir	<u>3.203.556</u>	<u>(27.860)</u>
Hagnaður af sameiginlegum þáttum	207.190.019	165.663.725
7% hagnaðar lagt í varasjóð	<u>(14.503.301)</u>	<u>(11.596.461)</u>
Hagnaður til skiptingar milli deildanna	<u>192.686.718</u>	<u>154.067.264</u>

Framleiðendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum	96.343.359	77.033.632
Helmingur af innleystum varasjóð	5.395.651	5.665.034
Sérgreindur kostnaður deildarinnar	<u>(1.253.587)</u>	<u>(1.200.646)</u>
Hlutur framleiðendadeildar í hagnaði ársins	<u>100.485.422</u>	<u>81.498.020</u>

Flytjendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum	96.343.359	77.033.632
Helmingur af innleystum varasjóð	5.395.651	5.665.034
Sérgreindur kostnaður deildarinnar	<u>(4.303.734)</u>	<u>(3.694.918)</u>
Hlutur flytjendadeildar í hagnaði ársins	<u>97.435.276</u>	<u>79.003.748</u>

Skýringar

9. Óinnheimtar skammtímakröfur	2022	2021
STEF	47.876.406	16.787.522
Sýn ehf - 365 Ljósvakamiðlar	24.077.672	37.206.327
Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur	3.893.362	3.893.362
Hans Kristjánsson	107.959	107.959
Útvarpsstöðin Lindin	2.520.000	2.040.000
RÚV	73.251.015	63.431.067
247 ehf	14.700.000	12.900.000
K100 Árvakur hf	9.229.404	6.879.404
Síminn hf.	2.179.404	2.179.404
Varúðarniðurfærsla skammtímakrafna	(24.000.000)	(7.000.000)
	<u>153.835.222</u>	<u>138.425.045</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

10. Handbært fé

Íslandsbanki hf. reikningur nr. 102250	172	20.764
Íslandsbanki hf, reikningur nr. 508833	15.068	3.092.717
Íslandsbanki hf, reikningur nr. 112358	197.028.621	10.369.727
Íslandsbanki hf, tékkar. nr. 8833	4.857.677	235.671.743
	<u>201.901.538</u>	<u>249.154.951</u>

11. Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað frá fyrra ári	700.000	700.000
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	201.632.698	160.768.161
Innleyst úr varasjóð vegna tekna 2018	10.791.301	11.330.067
7% hagnaðar lagður í varasjóð	(14.503.301)	(11.596.461)
	<u>198.620.698</u>	<u>161.201.767</u>
Ráðstafað til framleiðendaeildar	(100.485.422)	(81.498.020)
Ráðstafað til flytjendaeildar	(97.435.276)	(79.003.748)
	<u>700.000</u>	<u>700.000</u>

12. Varasjóður

Yfirfært f.f.ári	43.945.160	43.678.766
Lagt í varasjóð	14.503.301	11.596.461
Innleyst af varasjóð ársins 2018	(10.791.301)	(11.330.067)
	<u>47.657.160</u>	<u>43.945.160</u>

Skýringar

13. Úthlutunarsjóður flytjendaeildar

Staðan 1/1	256.678.524	220.277.859
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar	97.435.276	79.003.748
Greiðslur erlendis frá vegna innlendra flytjenda	545.948	361.020
Greiðslur til innlendra flytjenda	(137.051.661)	(39.078.656)
Greiðslur til erlendra flytjenda	(5.488.282)	(3.885.446)
	<u>212.119.806</u>	<u>256.678.524</u>

Gerður hefur verið samningur við PPL vegna erlendra flytjenda og er áætlað að greiða úr úthlutunarsjóði flytjendaeildar 67,1 milljón á árinu 2023 vegna árána 2019, 2020 og 2021.

Á árinu samþykkti flytjendaeild tillögu um að óúhlutað fé vegna árána 2009-2016 samkvæmt ársreikningum SFH sem nemur að fjárhæð kr. 72.831.388 og er fyrnt fé og fé sem ekki finnst rétt hafi að verði ráðstafað að jöfnu annars vegar til eintaklingsbundinnar úthlutunar og hins vegar til félagslegra verkefna. Tillaga þessi var staðfest á aðalfundi 2022 af fulltrúum flytjenda, sem áður hafði verið fjallað um þessa tillögu og hún samþykkt á fundi flytjendaeildar SFH.

14. Úthlutunarsjóður framleiðendaeildar

2022

2021

Staðan 1/1	67.893.390	44.310.932
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar	100.485.422	81.498.020
Greiðslur til framleiðenda	(84.515.596)	(57.915.561)
	<u>83.863.217</u>	<u>67.893.390</u>

15. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreiddur lífeyrissjóður	392.005	391.096
Ógreidd staðgreiðsla	732.569	705.014
	<u>1.124.574</u>	<u>1.096.110</u>

16. Viðskiptaskuldir

Samtónn	980.526	10.548.098
Greiðslukort	144.722	113.323
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur vegna flytjenda	7.313.856	4.671.489
Lánadrottinnar	1.832.900	1.933.901
	<u>10.272.004</u>	<u>17.266.811</u>